



Alþingi – efnahags og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. febrúar 2019

Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um breytingar á lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, með síðari breytingum, (rýmri skilyrði), 233. mál.

Neytendasamtökin vísa til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 25. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn samtakanna um frumvarp til laga um breytingar á lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, með síðari breytingum, (rýmri skilyrði), 233. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að réttur til að nýta sér skattfjálsa úttekt á séreignasparnaði einskorðist ekki eingöngu við fyrstu kaup heldur nái einnig til einstaklinga er ekki hafa átt íbúð undangengin þrjú ár og ekki áður fullnýtt heimild sína samkvæmt lögnum. Einnig er lagt til að krafa um samfellda nýtingu viðbótaiðgjalds verði felld á brott og að heimilt verði að nýta viðbótariðgjaldið með hléum. Þar að auki er lagt til að hámarksfjárhæð heimildarinnar verði hækkuð.

Neytendasamtökin fagna því að unnið sé að því að rýmka heimild til úttektar á séreignarsparnaði enda oft á tíðum mikilvægur þáttur í því að einstaklingar eigi fyrir útborgun og geti þar með keypt sér fasteign. Aðstæður geta komið upp þar sem að einstaklingar lendi í fjárhagserfiðleikur og þurfi þessa brú til að eiga fyrir útborgun þrátt fyrir að hafa fyrr á lífsleiðinni átt fasteign. Neytendasamtökin styðja jafnframt þá tillögu um að felld verði niður sú krafa um samfellda nýtingu viðbótariðgjalds sem og að hámarksfjárhæð heimildarinnar verði hækkuð.

Neytendasamtökin vilja þó vekja athygli á því að í greinargerð með frumvarpinu er vísað til fimm ára gamallar rannsóknar, án tilraunar til að meta með útreikningum raunveruleg áhrif lagabreytinganna á lífeyriseign við lok starfsævi. Þar segir m.a. að "[r]aunar mætti færa gild rök fyrir því að lífeyrissparnaður sé, ef eitthvað er, of mikill, sé tekið mið af dæmigerðri tekjudreifingu einstaklings yfir æviskeið hans." Ekki er reynt að leiða þessa staðhæfingu fram með útreikningum. Neytendasamtökin hvetja til þess að jafnan sé stuðst við raunverulega útreikninga á áhrifum lagabreytinga, sér í lagi á þá hópa sem sérstaklega er tekið til að komið sé til móts við. Neytendasamtökin hvetja til rannsókna er varpa raunverulegu ljósi á breytingarnar. Sé raunin sú, eins og haldið er fram í greinargerðinni að einstaklingur megi "...vænta meira en 100% af meðalævitekjum sínum í lífeyri á eftirlaunaaldri" þá væri nærtækast að lækka lífeyrisiðgjöld og leyfa einstaklingum sjálfum að ráðstafa að vild tekjum sínum.

Að öðru leyti og með fyrirvara um raunveruleg áhrif lagabreytinganna neytendum til hagsbóta bæði til skemmri, en ekki síst til lengri tíma, gera NS ekki athugasemdir við frumvarpið, og leggja til að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Breki Karlsson,
formaður Neytendasamtakanna